

SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

Fundargerð.

289. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 9. nóvember 2011 kl. 9.⁰⁰ fh.

Fundinn sátu:

Hörður Óli Guðmundsson

Ingibjörg Harðardóttir

Gunnar Þorgeirsson

Ingvar G. Ingvarsson

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 19. október 2011 lá frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

- a) **40. fundur skipulags- og byggingafulltrúaembættis Uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps, 20.10 2011. Mál nr. 1, 2, 5, 7, 8, 16, 17, 18 og 19 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.**

Fundargerðin lögð fram. Farið yfir mál nr. 1, 2, 5, 7, 8, 16, 17, 18 og 19 þau rædd og staðfest af sveitarstjórn.

- b) **Fundargerð 2. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 23. mars 2011.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- c) **Fundargerð 3. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 25. maí 2011.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- d) **Fundargerð 55. fundar Héraðsnefndar Árnesinga, 20.-21. október 2011.**

Fundargerðin lögð fram og staðfest.

3. Undirskriftarlistar íbúa og foreldra barna í Grímsnes- og Grafningshreppi um að sveitarfélagið veiti tómstundastyrk til barna í sveitarfélaginu.

Á fundi sveitarstjórnar þann 19. október s.l. var frestað afgreiðslu máls um tómstundastyrki til barna í sveitarfélaginu. Lögð eru fram drög að umsóknareyðublaði og reglum um tómstundastyrki barna á aldrinu 6 – 18 ára. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög og að reglurnar taki gildi frá og með 1. janúar 2012.

SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

- 4. Beiðni frá Sýslumanninum á Selfossi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki V í Hótel Hengli, Nesjavöllum, 801 Selfoss.**

Fyrir liggur beiðni frá Sýslumanninum á Selfossi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki V í Hótel Hengli, Nesjavöllum, 801 Selfoss. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.
- 5. Beiðni um styrk frá Styrktarsjóði Sólheima.**

Fyrir liggur beiðni um styrk frá Styrktarsjóði Sólheima til byggingar nýs gróðurhúss að Sólheimum. Sveitarstjórn hafnar erindinu. Guðmundur Ármann vikur af fundi við afgreiðslu málsins.
- 6. Beiðni um rekstrarstyrk frá Samtökum um kvennaathvarf.**

Fyrir liggur beiðni um rekstrarstyrk fyrir árið 2012 frá Samtökum um kvennaathvarf að fjárhæð 100.000 kr. Sveitarstjórn hafnar erindinu.
- 7. Bréf frá Nordik lögfræðipjónustu f.h. stjórna Golfklúbbs Öndverðarness og Golfklúbbs Kiðjabergs vegna kröfu um rökstuðning stjórnvaldsákvörðunar.**

Fyrir liggur bréf frá Nordik lögfræðipjónustu f.h. stjórna Golfklúbbs Öndverðarness og Golfklúbbs Kiðjabergs um rökstuðning á ákvörðun sveitarstjórnar að draga ekki ákvörðun sína tilbaka um framkvæmdir við golfvöllinn að Minni Borg. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl., að svara bréfinu.
- 8. Svarbréf Óskars Sigurðssonar hrl. vegna skúrs í óleyfi við Þórsstígs 9.**

Fyrir liggur svarbréf lögmanns sveitarfélagsins Óskars Sigurðssonar hrl. vegna skúrs í óleyfi við Þórsstíg 9 í landi Ásgarðs. Sveitarstjórn staðfestir bréf lögmannsins.
- 9. Afrit af bréfi til skipulagsfulltrúa frá Hilmari Baldurssyni hdl. f.h. sumarhúsaeygenda við Sogsbakka vegna deiliskipulags við Sogsbakka.**

Bréfið lagt fram.
- 10. Greinargerð frá Óskari Sigurðssyni hrl. í Héraðsdómsmáli 46/2011, Þór Þórsson og Hrafnhildur Markúsdóttir gegn Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Fyrir liggur greinargerð frá Óskari Sigurðssyni hrl. í Héraðsdómsmáli 46/2011, Þór Þórsson og Hrafnhildur Markúsdóttir gegn Grímsnes- og Grafningshreppi. Greinargerðin lögð fram til kynningar.
- 11. Beiðni frá Umhverfissráðuneyti um athugasemdir við frumvarp til breytinga á lögum nr. 106/2000.**

Fyrir liggur beiðni Umhverfissráðuneytis um umsögn frumvarps til breytinga á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Frumvarpið lagt fram.
- 12. Bréf frá Skiplagsstofnun um fulltrúa í samráðsvettvang við mótun landsskiplagsstefnu 2012-2024.**

SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

Fyrir liggur bréf frá Skiplagsstofnun um að sveitarfélagið tilnefni fulltrúa í samráðsvettvang við mótun landsskipulagsstefnu 2012-2024. Sveitarstjórn samþykkir að tilnefna Pétur Inga Haraldsson.

13. Bréf frá Umhverfisstofnun um tilnefningu fulltrúa í vatnasvæðanefnd.

Fyrir liggur bréf frá Umhverfisstofnun um að sveitarfélagið tilnefni fulltrúa í vatnasvæðanefnd á vatnasvæði 3 og 4. Sveitarstjórn samþykkir að Hörður Óli Guðmundsson verði fulltrúi sveitarfélagsins og Sigurður Karl Jónsson til vara.

14. Bréf frá Hagstofu Íslands um manntal og húsnæðistal í árslok 2011.

Fyrir liggur bréf frá Hagstofu Íslands um að veið sé að undirbúa manntal og húsnæðistal sveitarfélagsins í árslok 2011 og að sveitarfélagið muni aðstoða Hagstofuna í formi viðbóta upplýsinga. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindi Hagstofunnar.

15. Bréf frá Umhverfissráðuneyti vegna umsagnar við drögum að nýrri skipulagsreglugerð.

Fyrir liggur beiðni Umhverfissráðuneytis um umsögn sveitarfélagsins að drögum nýrrar skipulagsreglugerðar. Sveitarstjórn vísar reglugerðinni til skipulags- og byggingarnefndar til umsagnar.

16. Afrit af bréfum byggingarfulltrúa vegna jarðvegsmanar við Illagil 21.

Afrit af bréfum byggingarfulltrúa vegna jarðvegsmanar við Illagil 21 lögð fram til kynningar.

17. Verðkönnun í hitaveitulögn að Þóroddsstöðum.

Fyrir liggur niðurstaða verðkönnunar í hitaveitulögn að Þóroddsstöðum. Lægsta tilboðið kom frá Draumaverk ehf. að fjárhæð 3.127.078 kr. Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboði Draumaverks ehf.

18. Verðkönnun í hitaveitulögn í Skipasund, Hraunborgum.

Fyrir liggur niðurstaða verðkönnunar í hitaveitulögn í Skipasund í Hraunborgum. Lægsta tilboðið kom frá Kristjáni Ó. Kristjánssyni að fjárhæð 2.632.300 kr. Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboði Kristjáns Ó. Kristjánssonar.

Til kynningar

- ✓ SASS. Fundargerð 447. stjórnarfundar 07.10 2011.
- ✓ SASS. Fundargerð 448. stjórnarfundar 27.10 2011.
- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands. Fundargerð 136. stjórnarfundar 27.10 2011.
- ✓ Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Fundargerð 6. aðalfundar 28.10 2011.
- ✓ Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð 208. stjórnarfundar 17.10 2011.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 790. stjórnarfundar, 28.10 2011.
- ✓ Fundargerð samráðsfundar ríkis og sveitarfélaga, 05.10 2011.
- ✓ Fundargerð samráðsfundar stjórnar sambandsins og formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga 14.10 2011.

SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

- ✓ Bréf frá Velferðarráðuneyti vegna öryggis barna hjá dagforeldrum.
- ✓ Héraðsnefnd Árneseinga, ársreikningur 2010.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Héraðsskjalasafn Árneseinga, ársreikningur 2010.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Byggðasafn Árneseinga, ársreikningur 2010.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Listasafn Árneseinga, ársreikningur 2010.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, ársreikningur 2010.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, starfsskýrsla 2010-2011.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Tónlistarskóli Árneseinga, gerum góðan skóla betri.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Tilrauna og rannsóknaverkefnið Ölfus-Öxará- Grímsnes, ársuppgjör 2010.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Landsvirkjun, varnarefnið DDT gegn mývargi við Steingrímsstöð.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Tíund, fréttablað RSK október 2011.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Landsmót SÍSL Selfossi, 7. - 9. október 2011.
- ✓ -liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Icelandic Times, 10. tbl. 2011.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Tímarit heimilis og skóla, október 2011.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 11:00